

Við bjóðum þér til samstarfs

Kynning á teljurum

Um er að ræða sjálfvirka skráningu á fjölda gesta á þeim stöðum sem teljurunum er komið fyrir á. Með þessum teljurum má fá skýra mynd af fjölda fólks / farartækja á tilteknu svæði og upplýsingar um álagstíma innan hvers dags, viku, eða mánaðar svo dæmi séu tekin. Með þessum teljurum er hægt að aðgreina skráningar á t.d. **bílum, langferðabílum, hjólum og gangandi** umferð samdægurs, allan ársins hring og koma upplýsingarnar fram í gagnagrunninum **ECO-VISIO** sem bíður upp á notendavæna og skýra margvissa framsetningu gagna jafnframt sem hægt er að færa gögn út úr grunninum yfir í annan grunn ef svo bæri undir.

Þessir teljarar hafa löngu sannað sig um allan heim og eru m.a. notaðir í borgum, bæjum og þjóðgörðum við góðar undirtektir.

M.a. erum við í samstarfi við **Umhverfisstofnun** á völdum stöðum og erum að vinna með **Reykjavíkurborg** að mælum fyrir þeirra hjóla- og göngustíga kerfi.

TGJ – Teiknistofa er umboðsaðili fyrir **Eco-Counter** teljara á Íslandi.

Dæmi um teljara til að skrá fjölda þeirra sem nota hjólastíga / göngustíga bæjarfélaga.

Um er að ræða t.d., Multi fólks- og reiðhjólateljara sem er með sjálfvirka skráningu á fjölda þeirra sem fram hjá teljaranum fara. Skráningin veitir skýra mynd af fjölda gesta, gangandi og hjólandi sem fara um tiltekið svæði og upplýsingar um álagstíma innan hvers dags, viku, eða mánaðar, auk þess að greina tvívirka stefnu umferðar. Gögn frá teljurum berast á 24 klst fresti, allan ársins hring.

Lýsing á helstu eiginleikum teljara:

- Vatnshelt (IP68), höggvarið og þolið gagnvart breytilegu hitastigi (-40- +60°C).
- Telur gangandi og hjólandi umferð í báðar áttir.
- Er búinn innrauðum geisla sem er settur í staur og nemar fyrir hjól undir yfirborði stígs.
- Sendir ítarleg gögn á 24 klst fresti gegnum GSM/3G kerfi.
- Allt að 10 ára ending á rafhlöðu í teljara og allt að 2 ára ending á rafhlöðu í sendi.
- Sendir viðvörðun ef frávik koma fram í talningu (s.s. ef um bilun er að ræða).
- Sendir gögn í gagnagrunn, **ECO-VISIO** sem bíður upp á notendavæna og skýra, margvissa framsetningu gagna.



